

Umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur

Borgartún 12-14
108 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. október 2019

Tillaga um að Reykjavíkurborg standi fyrir dreifingu á límmiðum til að afpakka fjölpóst og fríblöð

Lagt er til að Reykjavíkurborg útbúi og dreifi límmiðum íbúa til að afpakka fríblöð og fjölpóst á einfaldan hátt. Dreifing til íbúa verður með pósti. Aðgerðin er séð sem hvatning til íbúa um að afpakka óumbeðnar fjöldasendingar. Ávinningur verkefnisins er umhverfis- og fjárhagslegur, þ.e. umfang framleiðslu og dreifingar á efni minnkar og að sama skapi það magn pappírs sem til fellur, þarf að safna og færa til endurvinnslu.

Gert er ráð fyrir að límmiðarnir bjóði upp á alls þrjá möguleika:

1. Allur fjölpóstur og fríblöð afþökkuð
2. Fjölpóstur afpakkaður, annar en fríblöð
3. Óskað er eftir vissum fjölda fríblaða, annar fjölpóstur afpakkaður (ætlað fyrir fjöleignarhús)

Greinargerð:

Í nýjum lögum nr. 98/2019 um pósthjónustu er lögfestur réttur neytenda til að afpakka fjölpóst og fríblöð. Lögin taka gildi 1. janúar nk. Samkvæmt nýju lögunum er gert ráð fyrir að nægjanlegt sé að setja ótvíræða merkingu um að ekki sé óskað eftir fjölpósti eða fríblöðum til að afpakka sendingarnar. Samkvæmt texta laganna er póstdreifandanum: „*skylt að virða merkingar notenda sem kveða á um að viðkomandi viðtakandi óski ekki eftir óumbeðnum fjöldasendingum, svo sem fjölpósti, fríblöðum eða almennu kynningarefni frá fyrirtækjum.*“

Um undantekningar segir: "*Tilkynningar veitufyrirtækja, t.d. fjarskipta-, vatns- og rafmagnsveitna, falla ekki hér undir ef verið er að tilkynna um tímabundið rof á þjónustu vegna framkvæmda og því um líkt. Sama gildir um kynningarefni vegna kosninga á vegum stjórnvalda, tilkynningar sveitarfélaga til íbúa sinna og tilkynningar stjórnvalda sem varða almannahag og almannaoöryggi*".

Viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar og SORPU bs. sýndi fram á hátt hlutfall þáttakenda (um 70%) sem geta hugsað sér að afpakka fjölpóst, en hafa ekki gert það. Gera má ráð fyrir að sendingar sem berast íbúum á þennan hátt fari ólesinn í endurvinnslulát. Í dag þurfa íbúar að skrá vilja sinn hjá þeim aðilum sem dreifa fjölpósti og fríblöðum, sem þýðir að þeir sem afpakka allar slíkar sendingar þurfa að setja þrjá límmiða, frá tveimur dreifingaraðilum, við bréfalúgur eða póstkassa. Með aðgerðinni er afþökkun á fjölpósti og fríblöðum einfölduð og er aðgerðinni



ætlað að vera hvetjandi fyrir íbúa. Aðgerðin telst til úrgangsförvarna sem lýst er í aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar í úrgangmálum 2015 - 2020 og er í samræmi við landsáætlun og umhverfis- og auðlindastefnu aðalskipulags Reykjavíkurborgar. Ávinningurinn er umhverfis- og fjárhagslegur, þ.e. minni sóun á pappír í óþarfa fjölpóst og minni pappír sem fellur til og þarf að safna og senda í endurvinnslu. Þegar minna magn pappírs fellur til nýtist pláss í bláum tunnum og á grenndarstöðvum betur, sem veitir tækifæri til sparnaðar við söfnun og sparar móttökugjöld. Áætlaður kostnaður aðgerðarinnar er um 1,0 – 1,5 milljónir króna.

Virðingarfyllst

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

skrifstofa umhverfisgæða